

# Eyðing á skógarkerfli í Eyjafjarðarsveit sumarið 2012



## Fyrirkomulag

- MJÖG MIKILVÆGT er að ALLIR taki þátt í þessu átaksverkefni, einungis þannig náum við árangri!!
- Sveitarfélagið leggur til eitur en ætlast er til þess að landeigendur beri ábyrgð á sínu landi og úði sjálfir á sinni landareign.
- Á stöðum þar sem skógarkerfill er mjög útbreiddur geta landeigendur fengið verktaka með tilheyrandi vélar til að úða fyrir sig. Landeigendur eiga rétt á styrk í hlutfalli við útlagðan kostnað gegn framvísun reikninga og samþykkis umsjónarmanns. Endurgreiðsluhlutfallið ræðst af heildarkostnaði skv. reikningum og þess fjár sem verður til skiptana, en áætla má að styrkur til landeigenda fyrir utan eitur verði ekki undir 1 Mkr. Endurgreiðsla verður þó aldrei meiri en 50 % af útlögðum kostnaði.
- Umsjónarmaður á vegum sveitarfélagsins sér um að útvega landeigendum eitur, fylgir því eftir að eitrið sé notað, veitir ráðgjöf og heldur utan um verkefnið.

## Um skógarkerfil

- Skógarkerfill flokkast sem ágeng tegund á Íslandi og breiðist víða hratt út.
- Hann er tvíær, myndar mjög mörg fræ og dreifir þeim auðveldlega.
- MJÖG MIKILVÆGT er að ráðast strax á kerfil þar sem um stök plöntuhreiður er að ræða og koma þannig í veg fyrir landnám hans inn á hrein svæði í sveitarfélaginu.
- Besta og umhverfisvænasta aðferðin við að eyða stökum plöntuhreiðrum er sú að stinga hann upp áður en hann fellir fræ (júlíbyrjun). Gætið þess að fjarlægja plöntuna eftir að hún er stungin upp því annars heldur fræþroski áfram.
- Skógarkerfill fjölgar sér ekki einungis með fræjum heldur líka með rótarskotum. Við slátt fjölgar rótarskotum frá plöntunni og því er sláttur ekki varanleg eyðing á kerflinum þó hann geti vissulega haldið honum niðri tímabundið.
- Að gefnu tilefni vill sveitarfélagið minna landeigendur á að bregðast einnig við plöntunni Bjarnarkló (af ætt Tröllahvanna) en sú planta getur verið varasöm.

## Úðun með gjöreyðingarlyfinu Clinic

- Úðun þarf að framkvæma ÁÐUR en plantan blómgast sem er um og upp úr miðjum júní. Reynslan hefur sýnt að úðun frá miðjum maí og fram í miðjan júní (háð árferði) skilar bestum árangri. Þar sem því verður komið við er æskilegt að úða tvisvar sinnum yfir sumarið.
- Úðunin þarf að fara fram við ákveðin veðurfarsskilyrði. Lofthiti þarf að vera yfir 4°C og eftir úðun má helst ekki rigna næstu 6 klukkustundirnar.
- Blanda skal efnið samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum: 10 ml af Clinic í 1 lítra af vatni. Sú upplausn dugir á um 25 m<sup>2</sup>.

## Upplýsingar

- Umsjónarmaður verksins er Jón Eiríksson í Arnarfelli og síminn hans er 846 1784.
- Umsjónarmaður sér um dreifingu á eitrinu og til hans skal skila öllu afgangseitri.
- Nánari upplýsingar um skógarkerfil má finna á heimasíðunni <http://agengar.land.is/>
- Hægt er að fá leigðar dælar hjá búnaðarfélagunum og einnig má benda á að Grettir á Syðra-Laugalandi efra, sími 861 1361, GK-verktakar í Garði, sími 863 1207 og Jóhann í Fellshlíð sími 847 4041 taka að sér að eitra fyrir bændur með misstór tæki.